



Miðstöð menntunar
og skólaþjónustu

Berist til fræðslunefnda sveitarfélaga

Kópavogi, 17.11.2025

Tilvísun: 202511-0012

Efni: Samræmdar dagsetningar umsókna í grunnskóla

Kæri viðtakandi.

Við hjá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu vinnum nú að innleiðingu á nýjum Nemendagrunni, miðlægum gagnagrunni sem heldur utan um samræmda skráningu barna á skólaskyldualdri í grunnskóla fyrir landið allt. Markmiðið er að tryggja að réttar upplýsingar fylgi hverju barni í gegnum alla skólagöngu þess frá leikskóla til framhaldsskóla og áfram í nám og þjálfun.

Til að tryggja árangursríka innleiðingu öllum til heilla er óskað eftir því að sveitarfélögin samþykki öll sem eitt sameiginlegt tímabil fyrir innritun og umsóknir í grunnskóla sem hér segir:

- Innritun í 1. bekk grunnskóla: 1. febrúar – 31. mars
- Umsókn um skólaskipti innan/milli sveitarfélaga: 1. febrúar – 30. apríl
- Umsókn um sjálfstætt starfandi skóla: 1. febrúar – 30. apríl
- Umsókn um sérdeild og umsókn um sérskóla: 1. febrúar – 31. mars
- Umsókn um áframhaldandi skólavist: 1. febrúar – 31. mars

Ástæður og rökstuðningur

Sameiginlegt innritunartímabil er leið til að tryggja gagnsæi og skapa jafnræði gagnvart forsjáraðilum og börnum þegar kemur að aðgengi að skólakerfinu, óháð sveitarfélagi og skóla. Gögn barna í Nemendagrunninum munu fylgja þeim á milli skóla, milli sveitarfélaga og síðar á milli skólastiga og eru samræmdar dagsetningar fyrir innritun forsenda þess að allt gangi hnökralaust fyrir sig.

Nemendagrunnur mun sækja og viðhalda gögnum sínum frá degi til dags með einni skráningarleið fyrir öll börn í gegnum gátt á Island.is þar sem eftirtaldar umsóknir verða aðgengilegar forsjáraðila:

- Innritun í 6. ára bekk
- Umsókn um flutning í nýjan skóla innan lögheimilissveitarfélags
- Umsókn um flutning í nýjan skóla utan lögheimilissveitarfélags
- Umsókn um í sjálfstætt starfandi skóla
- Umsókn um í alþjóðaskóla
- Umsókn um sérdeild
- Umsókn um sérskóla
- Umsókn um áframhaldandi skólavist í skóla utan lögheimilissveitarfélags, sjálfstætt starfandi skóla og alþjóðaskóla